

Frumvarp til laga

um breytingu á mörkum Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurborgkjördæmis suður.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurborgkjördæmis suður í Blesugróf skulu ákvarðast af eftirtöldum hnitum í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951:

Nr.	X-hnit	Y-hnit			
1	17998.943	14005.547			
2	17984.4430	14053.7315			
3	17972.4296	14106.6154			
4	17961.4190	14170.0095			
5	17958.6840	14200.3755			
6	17955.9717	14231.2488			
7	17948.1854	14283.4299			
8	17935.5891	14374.6924			
9	17931.8499	14411.4676			
10	18009.8346	14428.3951			
11	18044.1202	14427.0108			
12	18065.6808	14454.6513			
13	18060.8429	14498.8431			
14	18019.8879	14556.7109			
15	18043.7634	14598.5325			
16	18058.5269	14590.1042			
17	18116.7817	14692.1465			
18	17979.921	14077.254			
19	18111.7770	14426.8750			
20	17947.99	14658.30			
21	18641.9220	14225.3170	miðja hrings	R=676.50,	bogi milli 1 og 2
22	18806.8965	14268.3712	miðja hrings	R=850.00,	bogi milli 2 og 3
23	19592.2772	14420.6120	miðja hrings	R=1650.00,	bogi milli 3 og 4
24	18202.0941	14206.9923	miðja hrings	R=243.50,	bogi milli 4 og 5
25	17702.2787	14193.4055	miðja hrings	R=256.50,	bogi milli 5 og 6
26	22102.1939	14903.2795	miðja hrings	R=4200.00,	bogi milli 7 og 8
27	18673.1773	14468.2649	miðja hrings	R=743.50,	bogi milli 8 og 9
28	18500.456	14176.964	miðja hrings	R=530.00,	bogi milli 1 og 18
29	18420.033	14110.945	miðja hrings	R=441.40,	bogi milli 18 og 19

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45 3. júní 1998, hefur félagsmálaráðuneytið hinn 25. febrúar 2003 breytt mörkum Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar til staðfestingar á samkomulagi milli sveitarfélaganna um breytt mörk.

Samkvæmt því breytast mörk milli sveitarfélaganna þannig að hluti Blesugrófar, sem er innan marka Kópavogs, verður innan marka Reykjavíkur, svo sem sýnt er á meðfylgjandi hnitsetum uppdrætti, sem er jafnframt fylgiskjal 1 með samkomulaginu.

Á þessu landsvæði búa um tíu manns, sem nú eiga kosningarrétt í Suðvesturkjördæmi. Eftir breytingar á mörkum sveitarfélaganna munu íbúar svæðisins tilheyra Reykjavíkurborg kjördæmi suður.

Í 2. mgr. 6. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24 16. maí 2000, segir að verði mörkum sveitarfélaga breytt og varði slík breyting mörk kjördæma skuli þau mörk þau haldast óbreytt. Skv. 2. mgr. 129. gr. laganna verður ákvæðum um kjördæmamörk ekki breytt nema með samþykki $\frac{2}{3}$ atkvæða á Alþingi, sbr. 6. mgr. 31. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, sbr. 1. gr. laga nr. 77/1999.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Alþingi samþykki breytingar á mörkum Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurborg kjördæmis suður til samræmis við samkomulag sveitarfélaganna. Breytingarnar öðlast eigi gildi nema Alþingi samþykki þær með $\frac{2}{3}$ atkvæða.

Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á mörkum Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurborg kjördæmis suður.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Alþingi samþykki breytingar á mörkum Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurborg kjördæmis suður til samræmis við samkomulag milli Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð verði það að lögum.